

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 203/2013

2014/EES/19/25

frá 8. nóvember 2013

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 104/2013 frá 4. febrúar 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar skimun farþega og annarra einstaklinga en farþega með snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD) ásamt því að nota handmálmeitartæki (HHMD) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/511/ESB frá 4. febrúar 2013 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 að því er varðar skimun farþega og annarra einstaklinga en farþega með snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD) ásamt því að nota handmálmeitartæki (HHMD).
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010):
„– **32013 R 0104:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 104/2013 frá 4. febrúar 2013 (Stjútíð. ESB L 34, 5.2.2013, bls. 13).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66hf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C (2010) 774 lokag.):
„– **32013 D 0511:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/511/ESB frá 4. febrúar 2013 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 að því er varðar skimun farþega og annarra einstaklinga en farþega með snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD) ásamt því að nota handmálmeitartæki (HHMD).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 104/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. nóvember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 34, 5.2.2013, bls. 13.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.